

Landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra  
Kristján Þór Júlíusson  
Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. marz 2018.

### Efni: Kröfur Bændasamtaka Íslands um viðskiptahömlur

Vísað er til bréfs Sindra Sigurgeirssonar, formanns Bændasamtaka Íslands (BÍ), til ráðherra. Bréfið er dagsett 23. febrúar og birt á vef Bændasamtakanna 26. febrúar.

Í bréfinu halda Bændasamtökin því fram að mikil vá steðji að íslenzkum landbúnaði, annars vegar vegna tvíhliða tollasamnings Íslands og Evrópusambandsins, sem taka mun gildi 1. maí næstkomandi, og hins vegar vegna dóms EFTA-dómstólsins frá í nóvember, um að bann íslenzkra stjórnvalda við innflutningi á fersku kjöti, eggjum og vörum úr ógerilsneyddri mjólk gangi gegn EES-samningnum. Krefjast BÍ þess að gripið verði til margvíslegra aðgerða af þessum sökum, sem að mati Félags atvinnurekenda (FA) flokkast flestar undir viðskiptahömlur, sumar hverjar í andstöðu við lög og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands og velflestар allsendis ónauðsynlegar.

#### „Mótvægisáðgerðir“ vegna tollasamnings

BÍ vísa í bréfi sínu til tillagna starfshóps þáverandi landbúnaðarráðherra sem skilað var í júní 2016, en þær snoru meðal annars að „mótvægisáðgerðum“ vegna tollasamningsins. Tilurð hópsins, skipan hans og tillögur voru með talsverðum ólíkindum eins og FA hefur áður bent á. Fyrst gerðu þáverandi utanríkisráðherra og landbúnaðarráðherra samning við Evrópusambandið og stærðu sig af því að hafa samið um aukið tollfrelsi í viðskiptum og þar af leiðandi aukið vöruúrvall og lægra verð fyrir íslenzka neytendur. Svo skipaði annar ráðherrann starfshóp – skipaðan fulltrúum ríkisins og innlendra framleiðenda eingöngu – til að gera tillögur um hvernig mætti hafa aftur af neytendum ávinning samningsins. BÍ vilja nú að þessar tillögur verði teknar upp og þeim hrint í framkvæmd.

Í tillögum hópsins var lagt til að þeir tollfrjálsu innflutningskvótar, sem samið var um við Evrópusambandið, yrðu nýttir til að bregðast við skorti á kjöti á innanlandsmarkaði. Tilgangur tollkvóta samkvæmt alþjóðasamningum er hins vegar einmitt að auka vöruúrvall, efla samkeppni við innlenden landbúnað og lækka verð til neytenda, ekki að bregðast við skorti. Til að mæta því ef innlend kjötframleiðsla hefur ekki annað eftirspurn hafa verið gefnir út svokallaðir opnir tollkvótar, reyndar með drjúgum tollum. Tillaga hópsins gengur út á að þeir kvótar verði dregnir saman og innflutningsheimildir, sem áttu að koma neytendum til góða með aukinni fjölbreytni og lægra verði, notaðar til að fylla upp í götin ef innlendir framleiðendur anna ekki eftirspurn,

Önnur tillaga hópsins var að ESB-tollkvótarnir yrðu boðnir upp oft á ári í stað þess að vera boðnir upp fyrir heilt ár. FA benti á sínum tíma á að þetta væri mjög neytendafjandsamleg tillaga; tíð uppboð myndu þýða meira umstang og kostnað fyrir innflytjendur og hærra verð á tollkvótunum, sem kæmu fram í endanlegu verði vörunnar til neytenda. Þau myndu líka koma niður á fyrirsjáanleika og afhendingaröryggi innflytjenda gagnvart verslunum og veitingahúsum. Þetta gekk eftir; eftir að útboðum var fjölgæð í tvö á ári hækkuð tollkvótar verulega í verði. FA hefur því talið fagnaðarefnni að fallið var frá fjölgun útboða og telur enga ástæðu til að taka þessa tillögu upp aftur; hún reyndist illa.

Priðja tillagan gekk út á að gera harðari heilbrigðiskröfur til innflutnings. FA hefur bent á að hér er um að ræða innflutning frá ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, þar sem

heilbrigðislöggjöf er sú sama og hér á landi og heilbrigðiseftirlit jafngott eða betra. Tillögur starfshópsins gengu í raun út á að nota heilbrigðiskröfur sem tæknilega viðskiptahindrun, sem gengur jafnt gegn EES-samningnum og áðurnefndu tvíhliða samkomulagi Íslands og ESB, sem kveður á um að „*Samningsaðilarnir eru sammála því að tryggja að ávinnингum, sem heir veita hvor öðrum, verði ekki stefnt í hættu með öðrum takmarkandi innflutningsráðstöfunum.*“

### Framrekningur magnolla

Bændasamtökin gera þá kröfu í bréfi sínu að magnollar, þ.e. tollar sem leggjast á hvert kíló innfluttrar vöru sem föst krónutala, verði framreknaðir vegna þess að tollverndin hafi rýrnað vegna verðlagsþróunar. Má þá ætla að Bí ætlist til að miðað verði við gildistöku WTO-samningsins árið 1995 eins og gert var er samið var við bændur um að hækka tolla á mjólkurafurðum í nágildandi búvorusamningi. Bí segir að vissulega taki „sumir tollar“ einnig mið af innflutningsverði, en það sé ekki almenn regla.

FA gerir alvarlegar athugasemdir við þessa kröfu Bí. Í fyrsta lagi er algjörlega fráleitt að leikurinn frá gerð búvorusamninganna árið 2016 verði endurtekinn, en þá samdi einkaaðili, Bændasamtök Íslands, við ríkisvaldið um að hækka skatta á keppinautum sínum, þ.e. innflytjendum matvöru. Engin önnur atvinnugrein fær slíka þjónustu hjá ríkisvaldinu, enda felst í þessum samningi gríðarlegt ójafnræði.

Í öðru lagi er algengast við innflutning búvöru að bæði gildi verðtollur, sem oft er 30%, og magnollar, sem yfirleitt nemur hundruðum króna á kíló. Flestum þætti býsna góð vörn í 30% verðtolli og reyndar skortir ekki dæmin um enn hærri verðtolla, t.d. 76% á frönskum kartöflum. Raunar hljómar allt tal um að almennir tollar á búvörum séu orðnir of lágor fáránlega í eyrum þeirra sem leitast við að fjölgum kostum almennings með því að flytja inn landbúnaðarvörur. Þvert á móti er rík ástæða til að lækka tolla til að efla samkeppni við innlenden landbúnað. Alþýðusamband Íslands benti nýlega á það hvernig verð mjólkurvara hefði hækkað umfram almenna verðlagsþróun vegna þess hversu rækilega mjólkuriðnaðurinn er varinn fyrir samkeppni frá innflutningi.

Í þriðja lagi hlýtur að vera sanngjارت, verði farið fram á að bændur fái leiðréttingu sem miðast við gildistöku WTO-samningsins, að innflytjendur og neytendur fái sambærilega leiðréttingu vegna þeirrar þróunar sem síðan hefur orðið. Er samningurinn tók gildi voru ákveðnir innflutningskvótar á búvöru á lækkuðum tollum.


Innflutningsheimildirnar námu í fyrstu 3% af innanlandsneyzlu viðkomandi vöru árið 1986-1988, en hækkuðu fljóttlega í 5%. Innflutningskvótarnir voru hugsaðir til að skapa samkeppni við innlenden landbúnað, en ljóst er að þeir hafa rýrnað mjög sem hlutfall af innanlandsneyzlu, sem hefur margfaldazt frá árinu 1988. Í meðfylgjandi töflu má sjá hvernig tollkvótar í nokkrum vöruflokkum gætu litið út ef þeir væru 5% hlutfall af núverandi innanlandsneyzlu. Þar er augljóslega svigrúm fyrir allt frá þrefoldun tollkvóta og upp í tífoldun, ef fylgja á þróuninni frá gildistöku WTO-samningsins.

Vöruflokkur	Innanlands-neysla 1986-1988, tonn	Núverandi tollkvóti, tonn	Innanlands-neyzla 2017, tonn	5% af innanlandsneyzlu 2017, tonn
Nautakjöt	1.897	95	6.021	301
Svínakjöt	1.282	64	8.554	428
Alifuglakjöt	1.184	59	11.746	587
Ostar	2.488	125	6.815	341

## Fyrirkomulag úthlutunar á tollkvótum

Bændasamtökun krefjast þess að við endurskoðun búvörusamninga verði skýrt hvernig stjórnvöld hyggist úthluta tollkvótum samkvæmt alþjóðasamningum, þ.e. hvort þeir verði áfram boðnir út eins og verið hefur eða hvort breytingar verði. Segja Bændasamtökun gott tækifæri til sílks við endurskoðun búvörusamninga 2019.

FA hefur lengi bent á það hvernig uppboð á tollkvóta vinnur beinlínis gegn þeim markmiðum sem þeim er ætlað að ná, þ.e. að lækka vöruberð, auka vörurúval og auka samkeppni við innlenden landbúnað. Útboðsgjaldið, sem innflyttjendur þurfa að greiða fyrir tollkvótana, er ígildi tollverndar og hafa jafnt dómstólar sem og Alþingi staðfest þann skilning. Íslensk stjórnvöld ástunda með öðrum orðum þá furðulegu stjórnsýslu að semja við önnur ríki um niðurfellingu eins skatts á innflutning, til þess eins að leggja síðan á innflutninginn annan skatt. Útboðsgjaldið fer stöðugt hækkandi vegna vaxandi eftirspurnar eins og sjá má á myndinni að neðan, þar sem þróun útboðsgjalds vegna ESB-tollkvóta undanfarin fimm ár er sýnd. Varðandi tollkvóta á alifuglakjöti hefur útboðsgjaldið náð jafnvægi við kostnað innflyttjenda af að flytja kjötið inn á fullum tolli frá ESB. Í öðrum vöruflokkum er þróunin til sömu áttar. Þannig étur útboðsgjaldið upp ávining neytenda af tollfrelsinu.



Fyrirkomulag á töku útboðsgjalds af innflyttjendum hefur í tvígang verið dæmt andstætt stjórnarskrá fyrir dómstólum landsins og má ætla að endurgreiðslur ríkissjóðs á ofteknu útboðsgjaldi undanfarin ár nemi samtals um þremur milljörðum króna. Að mati Félags atvinnurekenda er fyrirkomulagið áfram ólögmætt og stenzt ekki stjórnarskrána. Félagið hefur látið vinna skýrslu, sem ráðuneytið hefur undir höndum, þar sem bent er á aðrar og skynsamlegri leiðir til að úthluta tollkvótunum.

## Tollaeftirlit og brot á tollalögum

Bændasamtökun fullyrða í bréfi sínu að dæmi séu um verulega ágalla á tollaeftirliti, án þess að tiltaka þau dæmi. Ekki verður annað séð en að hér séu á ferðinni ásakanir í garð innflyttjenda um að koma sér hjá greiðslu tolla, því að í rökstuðningi Bí er ein afleiðingin sögð tekjutap ríkisins vegna vangreiddra tolla. Segjast samtökin fá „sífellt fleiri ábendingar um að þarna sé ekki rétt staðið að málum.“ Þessum ábendingum ættu Bí væntanlega að vísa til þar til bærra yfirvalda, löggreglu og tollstjóra. Slíkt hið sama ættu þeir að gera sem telja sig vita af refsiverðri háttsemi – þeir eiga að tilkynna hana til löggæzluyfirvalda, ekki Bændasamtaka Íslands þótt starfsemi þeirra sé víðtæk.

## Heilsa manna og dýra

Í bréfi Bí er fjallað um dóm EFTA-dómstólsins frá í nóvember, þess efnis að bann við innflutningi á fersku kjöti, eggjum og vörum úr ógerilsneyddri mjólk fari í bága við EES-

samninginn. Bændasamtökin segja að afnám innflutningsbannsins muni þýða aukna áhættu á að matarsýkingum fjölgí og meiri hætta verði á að hingað berist bakteríur sem eru ónæmar fyrir sýklalyfjum. „Mikil tengsl“ séu á milli sýklalyfjaónæmra sýkinga og sýklalyfjanotkunar í landbúnaði.

FA leyfir sér að benda á skýrslu sem ráðgjafarfyrirtækið Food Control Consultants vann fyrir félagið á síðasta ári, *Innflutningur búvara og heilbrigði manna og dýra*. Food Control Consultants er staðsett í Edinborg en hefur unnið að verkefnum á sviði matvælaeftirlits og matvælaöryggis víða um heim, meðal annars fyrir Evrópusambandið, íslenzk stjórnvöld og Bændasamtök Íslands. Höfundar skýrslu fyrirtækisins eru Ólafur Oddgeirsson og Ólafur Valsson, sem báðir hafa áratuga starfsreynslu á sviði dýralækninga, matvælaeftirlits og matvælaöryggis.

Niðurstaða skýrslunnar er að ekki séu haldbær rök fyrir því að innflutningur á ferskum eggjum, vörum úr ógerilsneyddri mjólk og fersku kjöti muni hafa neikvæð áhrif á lýðheilsu fólks og heilsufar dýra. Ekki virðist heldur hægt að fullyrða að innflutningur á þessum vörum muni hafa áhrif á útbreiðslu lyfjaþolinna baktería. Aukinn fjöldi fólks sem ferðast til og frá landinu virðist líklegri til að hafa áhrif á útbreiðslu lyfjaþols en innflutningur á matvælum.

Höfundar skýrslunnar skoðuðu sérstaklega stöðuna í Noregi, en þar hefur ferskt kjöt, egg og mjólkurvörur úr ógerilsneyddri mjólk verið flutt inn um árabil í samræmi við reglur EES. Niðurstaðan er að frjálst flæði þessara vara hafi hvorki haft áhrif á lýðheilsu né dýraheilbrigði í Noregi.

Í umræðum um innflutning kjöts hefur talsvert verið gert úr því að önnur ríki EES noti meira af sýklalyfjum í landbúnaði en Ísland og innflutningur á búvorum geti orsakað aukið þol gegn sýklalyfjum hjá fólki. Skýrsluhöfundar vísa til nýlegra rannsóknna í Danmörku og Hollandi sem benda til að lítið samhengi sé á milli lyfjaþolinna baktería í fólki og þeirra sem finnast í matvælum. Niðurstaða þeirra er að ofnotkun sýklalyfja í heilbrigðiskerfinu sé nær alfarið orsök lyfjaþols sýkla hjá fólki.

Fullyrðing Bí um að vísindaleg rök stjórnvalda fyrir innflutningsbanni hafi ekki verið dregin í efa er úr lausu lofti gripin. Allur málatilbúnaður Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) fyrir EFTA-dómstólnum byggðist einmitt á því að Ísland hefði ekki gild vísindaleg rök fyrir afstöðu sinni. Á þann málatilbúnað félst dómstóllinn.

### Viðbótartryggingar

Bændasamtökin telja sjálfsgagt að íslenzk stjórnvöld sækist eftir því að fá svokallaðar viðbótartryggingar vegna salmonellasmits, eins og öll hin norrænu ríkin hafa fengið. Um það efni segir í áðurgreindri skýrslu FCC fyrir FA: „Ákveðin lönd innan EES (hin norrænu ríkin fjögur) hafa fengið svokallaðar viðbótartryggingar vegna viðskipta með matvæli sem hefur það í för með sér að taka þarf sýni af viðkomandi vörusendingum og gefa út vottorð um að varan sé ekki menguð, t.d. af salmonella. Vegna þess að hægt er að nota viðbótartryggingar sem viðskiptahindrún gilda strangar reglur um beitingu þeirra. Sanna þarf að viðkomandi land eða svæði sé laust við ákveðinn sjúkdóm eða að sett hafi verið upp áætlun til að hindra útbreiðslu hans og útrýma sjúkdómnunum. Þetta þarf að sanna með vísindalegum aðferðum. Íslensk stjórnvöld geta sótt um viðbótartryggingar og á grundvelli þeirra sett skilyrði um að ferskt kjöt verði að uppfylla ákveðnar kröfur, t.d. að fyrir liggi niðurstöður um salmonella eða kampýlobakter. Ákveðnu ferli þarf að fylgja til að sækja um slíkt, fyrst og fremst að gera áætlun um aðgerðir, þ.m.t. sýnatökur og aðgerðir þeim tengdar. Þessi aðferð er talin minna íþyngjandi [en innflutningsbann] og í fullu samræmi við þær reglur sem settar hafa verið fyrir önnur Norðurlönd.“

Fram kom í dómi EFTA-dómstólsins að Ísland hefði ekki sótt um viðurkenningu til jafns við þá sem hin norrænu ríkin hafa fengið. Á sínum tíma, þegar til stóð að taka upp matvælalöggjöf ESB í heild sinni eins og EES-samningurinn kveður á um, var hafin vinna við slíka umsókn en henni var hætt þegar íslenzk stjórnvöld ákváðu að brjóta EES-samninginn og viðhalda einhliða banni við innflutningi ferskvöru.

BÍ segja í bréfi sínu að viðbótartryggingar séu ekki í boði vegna kamfylóbakter; þær séu einfaldlega ekki í regluverki ESB. Hingað til hefur það verið svo að geti aðildarríki sýnt fram á raunverulega sérstöðu hvað varðar matarsýkingar, eru viðbótartryggingar í boði. Það gerðu norrænu ríkin varðandi salmonellu og regluverk ESB var lagað að þeim veruleika. Sé það rétt hjá BÍ að árangur Íslands í baráttunni við kamfylóbakter sé einstakur og öfundsverður, ætti ekki að vera erfitt að fá slíkar viðbótartryggingar. Til upprifjunar má grípa ofan í skýrslu, sem Ólafur Oddgeirsson og Stefán Már Stefánsson sömdu fyrir Lagastofnun Háskóla Íslands að beiðni Bændasamtaka Íslands þegar innleiðing matvælalöggjafarinnar stóð fyrir dyrum, en þar var bent á nauðsyn þess að auka samstarf við aðrar þjóðir og vinnuhópa, einkum innan ESB, „*sem miði að því að innan ESB verði gerðar þær lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til að innleiða kerfi viðbótarábyrgða fyrir kamfylóbakter.*“

Þetta létu íslenzk stjórnvöld undir höfuð leggjast og kusu þess í stað að viðhalda einhliða innflutningsbanni gagnvart ferskvöru, í trássi við EES-samninginn.

Nú þegar það liggur formlega fyrir sem alla tíð blasti við, að bannið er brot á EES-samningnum, eru yfirvöld með allt niður um sig í þessum eftum.

### Deilt við dómarrann

Í bréfi BÍ kemur skýrt fram að samtökin telja að Ísland eigi ekki að una dómi EFTA-dómstólsins, um að fella beri úr gildi bannið við innflutningi fersks kjöts, eggja og vara úr ógerilsneyddri mjólk. BÍ vilja að óskað verði eftir viðræðum við Evrópusambandið um að viðhalda innflutningsbanninu.

Hér virðast BÍ vera búin að gleyma allri forsögu málsins. Ísland samdi á sínum tíma við ESB um að taka upp matvælalöggjöf þess, bæði hvað varðar sjávar- og landbúnaðarafurðir, vegna þess að það er gríðarlegt hagsmunamál íslenzkrar matvælaframleiðslu að geta flutt afurðir út á 500 milljóna manna Evrópumarkað án þess að varan sæti heilbrigðiseftirliti við innflutning til annarra EES-ríkja og án þess að votta þurfi sérstaklega framleiðslustöðvar. Það var mat stjórnvalda á þeim tíma að það gengi aldrei upp að Ísland tæki matvælalöggjöfina upp að fullu á sviði sjávarútvegs, þar sem útflutningshagsmunir Íslands eru gífurlega miklir, en neitaði að ganga alla leið á sviði landbúnaðarins til að verja íslenzkan landbúnað fyrir innflutningi.

Það var auk þess mat færstu sérfræðinga, sem þá voru kallaðir til, að afnám innflutningsbannsins myndi ekki hafa neikvæð áhrif á dýra- eða lýðheilsu. Þannig var niðurstæða Halldórs Runólfssonar, þáverandi yfirdýralæknis, eftirfarandi: „*Eins og málum er nú háttar þá eru, að mati yfirdýralæknis, meiri líkur á að hingað berist framandi dýrasjúkdómar með fólk heldur en með löglega innfluttu hráu kjöti. Ekki eru miklar líkur á að lýðheilsu verði í stefnt í aukna hættu með umræddum breytingum, að ví gefnu að gerðar verði ráðstafanir til að stemma stigu við innflutningi á kjúklingakjöti menguðu af kamfylóbakter.*“

Samningar við Evrópusambandið og mat á áhrifum þeirra hefur með öðrum orðum fyrir löngu farið fram.

Þegar Alþingi samþykkti síðar, í árslok 2009, að taka upp matvælalöggjöfina að öðru leyti en því að innflutningsbanninu yrði áfram viðhaldið, var algjörlega ljóst af umræðum á þinginu að jafnt flutningsmaðurinn, þáverandi landbúnaðarráðherra, og aðrir þingmenn áttuðu sig á að frumvarpið fór að þessu leyti gegn ákvæðum EES-samningsins og að líklegt væri að höfðuð yrðu dómsmál vegna þess. Alþingi braut með öðrum EES-samninginn vitandi vits.

Ef íslenzk stjórnvöld leituðu nú til Evrópusambandsins um að semja sig frá dómi EFTA-dómstólsins – byggðum á þeim samningum sem Ísland gerði á sínum tíma við ESB – væri augljóslega verið að grafa bæði undan EES-samningnum sjálfum og því stofnanakerfi sem sett hefur verið upp til að hafa eftirlit með honum, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

### Aðlögunartími

Varðandi kröfu Bændasamtakanna um þriggja ára aðlögunartíma að afnámi innflutningsbanns vill Félag atvinnurekenda benda á að í rúman áratug hefur stjórnvöldum verið ljóst að innflutningsbannið væri brot á EES-samningnum og að nánast útilokað væri að það stæðist fyrir dómstólum. Sé Ísland ekki reiðubúið að bregðast nú hratt við niðurstöðu sem var fyrirséð allan þann tíma, verður það að teljast vítavert tömlæti.

### Eftirlit og sýnatökur

Í bréfi Bí er hvatt til þess að efla tolleftirlit og matvælaeftirlit, skipulagðar sýnatökur og skimanir. FA leggur áherzlu á að fyrirkomulag slíks eftirlits standist kröfur Evrópulöggjafarinna og sé ekki íþyngjandi fyrir íslenzk fyrirtæki í framleiðslu, dreifingu eða innflutningi matvæla umfram sambærileg fyrirtæki í öðrum EES-ríkjum. Hins vegar er augljóslega ástæða til að bæta eftirlit á ýmsum sviðum; þannig kom fram í áðurnefndri skýrslu FCC fyrir FA að eftirlit með sýklalyfjaleifum og fjölónæmum bakteríum í kjöti væri enn sem komið er minna á Íslandi en í öðrum ríkjum EES, þar sem reglur ESB um skráningar og tilkynningar vegna lyfjabolinna sýkla hefðu enn ekki verið innleiddar hér á landi. Fullyrðingar um betri stöðu hér á landi að því leyti en í öðrum ríkjum EES hafa því ekki byggzt á fullnægjandi gögnum.

### Lokaorð

Félag atvinnurekenda gætir meðal annars hagsmunu matvælainnflutningsfyrirtækja, sem gildandi EES-réttur hefur nú verið brotinn á í áratug. Það er von félagsins að aðgerðir stjórnvalda í framhaldi af tollasamningnum við Evrópusambandið og dómi EFTA-dómstólsins knýi þau fyrirtæki ekki enn á ný til að leita réttar síns fyrir dómstólum, heldur virði íslenzk stjórnvöld alþjóðlegar skuldbindingar sínar í hvívetna og taki ekki upp nýjar hömlur í vegi frjálsra milliríkjaviðskipta. Félagið er reiðubúið til að funda með stjórnvöldum til að ræða nánar efni bréfs þessa.

Virðingarfyllst,

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA

Afrít:

- Katrín Jakobsdóttir försætisráðherra
- Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra
- Sigurður Ingi Jóhannesson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
- Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra

**Ítarefni:**

Skýrsla Food Control Consultants:

*Innflutningur ferskvöru og heilbrigði manna og dýra*

<http://www.atvinnurekendur.is/media/innflutningur-heilbrigdi-skyrsla.pdf>

Skýrsla Þórólfs Matthíassonar og Arnar Ágústssonar:

*Aðferðir við úthlutun tollkvóta á landbúnaðarvörum samkvæmt alþjóðlegum samningum, gallar og mögulegar úrbætur*

<http://www.atvinnurekendur.is/media/uppbod-landbunadur-endanlegt.pdf>

Frétt á vef Félags atvinnurekenda:

*Enn hækkar útbodsgjaldið – kerfið komið að fótum fram*

<http://www.atvinnurekendur.is/frettir/enn-haekkar-utbodsgjaldid-kerfid-komid-ad-fotum-fram/>